

Nd.

547. Frumvarp til laga

[254. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðuðum og eldri, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðs-

stjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að setja á fót sérstaka tæknideild, er sé stjórninni til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við mat á lánsúmsóknum og til þess að fylgjast með smíði og búnaði fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og annarra mannvirkja, sem Fiskveiðasjóður veitir lán til, svo og að fylgjast með nýjungum á þeim sviðum.

3. gr.

Auk stofnfjár samkvæmt 3. gr. laga nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

- a) Vextir af lánnum og öðrum kröfum.
- b) Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.
- c) Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. b-lið, greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi $\frac{3}{4}$ hlutum af tekjum skv. b-lið.
- d) Til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b- og c-liðum greiðir ríkissjóður honum árlega 35 millj. kr.
- e) Lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

4. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur ákveðið stofnum nýrra lánaflokka. Skal nánar kveðið á um þá í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Einnig ábyrgist ríkissjóður greiðslu allra lána, svo og efnidir allra skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við af sjóðum og stofnunum þeim, sem nefndar eru í 3. gr. laga nr. 75/1966.

6. gr.

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsfél. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn og skulu 6 þeirra skipaðir skv. tilnefningum og 1 án tilnefningar. Hver eftirgreindra aðila tilnefnir 1 fulltrúa í stjórnina: Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands, Útveggsbanki Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu, skal ráðherra tilnefna fulltrúa þennan. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skulu tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa, en verði þessir aðilar ekki sammála skal ráðherra tilnefna hann. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna 7 stjórnarmanna. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmatgur, þarf meirihluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meirihluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

7. gr.

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

- a) Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi.
- b) Ákvarðanir um rekstrar- og greiðsluáætlanir Fiskveiðasjóðs, er gerðar skulu fyrirfram 1 ár í senn.

- c) Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánakjör.
- d) Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.
- e) Ráðning forstjóra sjóðsins. Heimilt er einnig að ráða aðstoðarforstjóra.
- f) Skipun matsnefndar.
- g) Ákvarðanir um laun og starfskjör annarra starfsmanna sjóðsins.

8. gr.

Forstjóri sjóðsins hefur á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirætlum í reglugerð og skv. ákvörðunum sjóðsstjórnar. Í reglugerð má einnig ákveða, að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra heimild til að ákveða lánveitingar úr sjóðnum innan tiltekinnna marka. Forstjórinn ræður starfsmenn sjóðsins og segir þeim upp störfum.

9. gr.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

10. gr.

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum hans fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema $\frac{3}{4}$ hlutum kostnaðar eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að $\frac{2}{3}$ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis. Til eldri fiskiskipa mega lán nema $\frac{1}{4}$ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánnum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

12. gr.

Lán, sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum en skipum, að viðbættum lánnum, sem hvíla á eigninni við veðsetningu með forgangsveði, mega hæst nema 60% af matsverði.

13. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans.

14. gr.

Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggi lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast beint, áður en þær eru afgreiddar.

15. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör, dráttarvexti og lántökugjald, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka.

Lántakendur skulu greiða matskostnað og annan beinan kostnað skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

16. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

17. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

18. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til þess að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum. Nefndin kys sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðast við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, sem staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér mót, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðarsjóðs og Stofnlána-deildar sjávarútvegsins eftir 1961.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvikjandi lánunum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt váttryggðar, að vel nægi fyrir áhvilandi lánum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til váttryggingarfjárins. Ef til útborgunar váttryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður krafist þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvilandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður.

21. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

- a) Þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
- b) við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilsjóðnum eigendaskipti þegar í stað,

- c) ef hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,
- d) ef hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt,
- e) ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum og skipum með tilheyrandi áhrærir, skv. lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóvember 1887, 3. gr., og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara. Nú er skip eða fasteign, sem Fiskveiðasjóður á veð í, seld á nauðungaruppboði og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Fiskveiðasjóði um uppboðið svo tímanlega, að hann geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

23. gr.

Skuldunautar Fiskveiðasjóðs eru skyldir til þess að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð.

24. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands ásamt síðari breytingum sbr. lög nr. 33/1970, lög nr. 55/1973, lög nr. 99/1975 og 3. gr. laga nr. /1976.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 28. febrúar 1975 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands. Í nefnd þessa voru skipaðir eftirtaldir menn:

Davíð Ólafsson, samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Hann var jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, skv. tilnefningu Sölu- miðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeildar SÍS og Sölusambands ísl. fisk- framleiðenda. Kristján Ragnarsson, skv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Einar B. Ingvarsson, aðstoðarmaður ráðherra, og Jón Skaftason, alþingismaður, án tilnefningar.

Nefndin lauk störfum seint á árinu 1975 og með bréfi dagsettu 5. desember 1975 skilaði hún í frumvarpsformi tillögum sínum um breytingu á lögum nr. 75 13. maí 1966, ásamt ítarlegri greinargerð um það breytingarfrumvarp.

Sjávarútvegsráðherra taldi rétt, að breytingar þessar yrðu felldar inn í lögin um Fiskveiðasjóð og lét því útbúa í ráðuneyti sínu þetta heildarfrumvarp til laga um sjóðinn. Inn í frumvarp þetta eru teknar allar tillögur nefndarinnar, sem áður er getið, nema hvað snertir ákvæði 6. gr. frumvarpsins um stjórn Fiskveiðasjóðs. Nefndin gerði tillögu um að stjórn sjóðsins skyldi vera í höndum 5 manna, en frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að þeir verði 7. Annar þessara tveggja manna, sem þannig bætast við, skal skipaður skv. sameiginlegri tilnefningu Sjómannasam-

bands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en hinn skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Þá er einnig gerð sú breyting frá tillögum nefndarinnar, að ráðherra skipar skv. frumvarpinu formann og varaformann úr hópi hinna 7 stjórnarmanna, en nefndin hafði gert ráð fyrir því, að þessir menn yrðu kosnir af stjórninni.

Í greinargerð nefndarinnar, sem fyrr er getið, eru að finna eftirgreindar athugasemdir:

„Lög þau, sem nú gilda um Fiskveiðasjóð Íslands, voru að meginefni sett árið 1966 og tóku gildi 1. janúar 1967. Með þeirri lagasetningu voru gerðar ýmsar breytingar á sjóðnum, m. a. sem afleiðing af því, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins var sameinuð Fiskveiðasjóði. Þótti þá m. a. eðlilegt að gefa Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands, sem höfðu haft með Stofnlánadeildina að gera, aðild að stjórn Fiskveiðasjóðs ásamt Útvegsbankanum, sem fram að þeim tíma hafði einn haft á hendi stjórn sjóðsins.

Á þeim níu árum, sem liðin eru frá því þessi lög voru sett, hafa orðið miklar breytingar á starfsemi Fiskveiðasjóðs á þann veg, að umsvif hans hafa aukist mjög til að mæta þeim auknu kröfum, sem til hans hafa verið gerðar um stofnlán til sjávarútvegsins. Hafa útlán hans aukist mjög mikið, svo sem sjá má af yfirlitinu, sem hér fer á eftir, sem sýnir útlán Fiskveiðasjóðs á árunum 1967—1974 og áætlun fyrir árið 1975, skipt eftir því til hvers lánin hafa farið.

Tafla 1.

Ár	Innl. skipasmíði	Erl. skipakaup	Tæki og viðg.	Gengisj.-lán	Hraðfr. hús	Aðrar fasteign.	Samtals
1967	52,5	191,7	31,2	—	3,7	62,7	341,8
1968	45,6	171,3	41,0	150,9	98,7	39,0	546,5
1969	89,1	—	43,1	20,6	98,9	21,3	273,0
1970	111,2	40,8	50,1	14,6	8,0	37,4	262,1
1971	294,4	166,9	109,9	17,1	40,5	53,3	682,1
1972	538,4	181,7	198,7	13,5	213,2	117,8	1 263,3
1973	614,5	1 109,5	192,8	20,7	227,0	84,0	2 248,5
1974	427,6	1 690,7	211,3	25,6	202,5	102,9	2 660,6
1975 ¹⁾	1 500,0	1 225,0	400,0	20,0	600,0	200,0	3 945,0

1) Áætlað.

Langmest hefur aukningin orðið í innlendu skipasmíðinni og tækjum og viðgerðum á skipum, en hvort tveggja þetta er unnið af skipasmíðastöðvunum. Kemur hér og í erlendu skipakaupunum fram sú mikla aukning fiskiskipastólsins, sem hófst upp úr 1970. Mikil aukning hefur einnig orðið á útlánnum til fiskvinnslunnar bæði hraðfrystihúsanna og annarrar fiskvinnslu. Endurspeglar þessar tölur allvel afkomu sjávarútvegsins á þessu tímabili. Árin 1967—1969 voru mikli erfiðleikaár, eftir að hvort tveggja gerðist í senn á þessu tímabili, að síldveiðarnar brugðust með öllu og verðlag á frystum fiski stórlækkaði. Framkvæmdir voru þá litlar bæði í byggingu skipa og vinnslustöðva, þar sem skorti algerlega eigið fé fyrirtækjanna til að geta ráðist í framkvæmdir og eftirspurn eftir lánsfé því í lágmarki. Þetta breyttist mjög um og upp úr 1970 þegar hagur sjávarútvegsins vænkaðist verulega, einkum vegna hagstæðrar þróunar verðlags á útflutningsmörkuðum. Á yfirstandandi ári er áætlað, að heildarútlán sjóðsins verði nálægt 4000 millj. kr.

Þessi mikla aukning útlána hefur auknið mjög á vandamál fjáröflunar til sjóðsins á þessu tímabili og mikil vandamál eru þar framundan. Framan af var meginhluti fjáröflunarinnar falinn í afborgunum og vöxtum af lánnum og hluta af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Sjóðurinn þurfti á tiltölulega litlu lánsfé að halda til að

geta fullnægt eftirspurn eftir lánnum. Þetta breyttist mjög þegar kom fram yfir árið 1970 og eftirspurnin eftir lánnum óx hröðum skrefum. Fjáröflun eftir þeim leiðum, sem áður getur, hrökk þá skammt enda voru vextir lágir af lánnum úr sjóðnum. Árið 1971 var ákveðið, að rikissjóður legði fram árlega 35 millj. kr. til sjóðsins en það dugði skammt. Árið 1973 var svo enn ákveðið með breytingu á lögum sjóðsins, að innheimt skyldi sérstakt útflutningsgjald af sjávarafurðum, 1%, er gengi óskipt til sjóðsins og rikissjóður legði jafnmikið á móti. Þetta átti að gilda til loka árs 1975. Loks var svo ákveðið á þessu ári að leggja til Fiskveiðasjóðs kr. 300 millj. úr gengismunarsjóði. Þessi framlög hafa vissulega haft mikla þýðingu í fjáröflun til sjóðsins, en þrátt fyrir það hefur orðið í æ ríkari mæli að afla lánsfjár og þá einkum erlends lánsfjár auk innlends verðtryggðs lánsfjár. Undanfarin fimm ár hafa að jafnaði yfir þrjú/fimmtu af fjáröfluninni verið lánsfé og nær helmingur erlent fé. Hlýtur þetta að bitna mjög á lántakendum sjóðsins í framtíðinni, þar sem vaxtakostnaður sjóðsins verður mikill og gengisáhættan einnig mikil, sem lántakendur bera. Þessi þróun hefur leitt til þess, að eigið fé sjóðsins hefur farið ört minnkandi undanfarin ár, eða frá 1970 er það nam nær 50% af efnahagsreikningi sjóðsins, í tæplega 24% á árinu 1974, og á árinu 1975 má búast við, að það komist niður í 20%. Er augljóst af þessu, að sjóðurinn má ekki við því nú að missa þann tekjustofn, sem hið sérstaka útflutningsgjald er og mótframlag rikissjóðs. Er því lagt til í þessu frumvarpi, að þessi ákvæði verði framlengd um ótiltekinn tíma og verður reynslan að leiða í ljós hversu lengi þess verður þörf. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjáröflun til Fiskveiðasjóðs á árunum 1969—1974 og áætlun fyrir 1975 og hlutfallslega skiptingu eftir uppruna.

Tafla 2.
Fjármagnsöflun Fiskveiðasjóðs 1969—1974.

	1969		1970		1971		1972		1973		1974		1975 ^{a)}	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
Eigið framl. nettó ¹⁾	361	62,2	266	59,6	282	37,9	310	25,6	425	17,1	253	13,0	350	9,0
Útfl.gj. og rikisframl.	103	17,8	50	11,2	84	11,3	84	6,9	172	6,9	538	27,7	1 075 ^{b)}	27,8
Lántökur	116	20,0	130	29,2	378	50,8	818	67,5	1 886	76,0	1 151	59,3	2 444	63,2
	580	100,0	446	100,0	744	100,0	1 212	100,0	2 483	100,0	1 942	100,0	3 869	100,0

- 1) Hér er um að ræða það fjármagn, sem kemur úr rekstri sjóðsins, þ.e. innkomnar afborganir og vextir af útistandandi lánnum að frádrögnum afborgunum og vöxtum, sem sjóðurinn verður að greiða af lánnum, sem hann hefur tekið svo og rekstrarkostnaði.
- 2) Tölurnar fyrir árið 1975 eru áætlaðar.
- 3) Hér er meðaltalið kr. 300 millj., sem greitt var úr gengismunarsjóði 1975, samkv. c-lið 1. gr. laga nr. 55 27. maí 1975.

Á undanförunum árum hafa verið uppi raddir um breytta skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs. Hafa ýmsar tillögur verið uppi um það m. a. á Alþingi, svo sem um aðild útvegsmanna, sjómanna og fiskvinnslunnar að stjórn sjóðsins. Hefur í því sambandi verið vísað til annarra atvinnuvegasjóða, þar sem aðild atvinnuveganna að stjórnnum viðkomandi sjóða er með mismunandi hætti. Í þessu frv. hefur þótt eðlilegt að veita þeim aðilum, sem njóta eiga lána úr sjóðnum aðild að stjórn hans og er það hliðstætt því, sem er með aðra atvinnuvegasjóði.“

Síðar í greinargerð nefndarinnar segir svo:

„Þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð var á skipan stjórnar sjóðsins með lögum frá 1966, var enn haldið við hinum formlegu tengslum við Útvegbankann, sam-

kvæmt því sem segir í nágildandi lögum, 1. gr., að sjóðurinn sé „í umsjá Útvegsbanka Íslands, með aðskildum fjárhag- og bókhaldi“. Af þessu leiddi, að í 8. gr. laganna var ákvæðið m. a., að stjórn Útvegsbankans réði starfsmenn sjóðsins og yfirleitt að sömu ákvæði, að því er varðaði starfsmenn sjóðsins, skyldu gilda og um starfsmenn Útvegsbankans. Í 10. gr. er svo ákvæði um frágang reikninga sjóðsins, þar sem Útvegsbankanum ásamt forstjóra sjóðsins er ætlað að annast það. Í rauninni hefur þó þróunin orðið sú, að þessi ákvæði hafa verið hrein formsatriði, nema það sem snýr að starfslíði sjóðsins. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að tengsl Fiskveiðasjóðs við Útvegsbankann verði rofin en af því mun leiða, að tryggja verður að starfslíð sjóðsins missi einskis í við það, að því varðar rétt til lífeyris eða annað það, sem máli skiptir og er eðlilegt, að samið verði um það við Útvegsbankann.

Þá er sú breyting gerð með frumvarpi þessu, að gert er ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður geti veitt lán út á eldri fiskiskip. Hingað til hefur sjóðnum aðeins verið ætlað það hlutverk, að því er skip snertir, að lána út á ný fiskiskip. Á undanförunum árum hefur orðið mikill flutningur á fiskiskipum milli eigenda og einnig milli landshluta. Stendur þetta aðallega í sambandi við öra uppbyggingu fiskiskipaflotans. Þegar um sölu á eldri skipum er að ræða, er það oftast svo, að stofnlán, sem á skipunum hvíla, eru orðin lág. Seljendum er hins vegar mikil nauðsyn á að fá greiðslu í reiðu fé, þar sem fjármögnun nýrra skipa er oftast tengd sölu gamalla skipa. Það er ekki óalgengt, að kaupendur eldri skipa séu aðilar, sem eru að hefja útgerð og ráða ekki yfir miklu fjármagni til kaupanna og eiga því erfitt með miklar útborganir við kaupin. Hér mundi Fiskveiðasjóður koma inn í með lánveitingu til kaupenda slíks skips. Framhjá því má hins vegar ekki líta, að með slíkum lánveitingum er ekki verið að lána út á raunverulega verðmætisaukningu skipanna og hætt er við, að það leiði til óeðlilegrar hækkunar á verði eldri skipa. Verður því að fara gætilega í sakirnar þegar settar verða reglur um þessar lánveitingar. Á það ber og að líta, að þetta leiðir óhjákvæmilega til aukinnar fjárþarfar Fiskveiðasjóðs en geta sjóðsins til að sinna því, sem hingað til hafa verið hans aðalverkefni er nú þanin til hins ýtrasta. Á undanförunum tveimur þingum hafa verið flutt frv. um þetta efni og var frv. því, sem flutt var á síðasta þingi, vísað til ríkisstjórnarinnar, en því jafnframt lýst yfir, að málið skyldi tekið upp í sambandi við endurskoðun á lögum Fiskveiðasjóðs, sem þá stóð yfir og leitt hefur til samnings þessa frumvarps.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. laganna leiðir af því, sem áður segir, um breytingu á stöðu Fiskveiðasjóðs gagnvart Útvegsbankanum.

Um 2. gr.

Breyting á 2. gr. laganna felst í því, að hlutverk sjóðsins er víkkað og tekur nú einnig til þess að veita lán út á eldri skip.

Þá er hér einnig veitt heimild til stjórnar Fiskveiðasjóðs til að setja upp sérstaka tæknideild við sjóðinn, er sé sjóðsstjórninni til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við lánsúmsóknir o. fl.

Um allmörg undanfarin ár hefur Fiskveiðasjóður haft samvinnu við Fiskifélag Íslands um slíka þjónustu og árið 1973 var gerður fastur samningur um það við Fiskifélagið. Hefur sú þjónusta, sem Fiskveiðasjóður hefur þannig fengið verið mjög gagnleg. Það þykir hins vegar rétt, þegar til framtíðarinnar er lítið, að sjóðstjórnin hafi heimild til að skipa þessum málum á annan veg og þyrfti það þó ekki að útiloka að samvinna gæti haldist í vissum tilvikum, eins og verið hefur.

Um 3. gr.

Í upphafi þessarar greinar er vísað til 3. gr. laga nr. 45 13. maí 1966 um stofnfé sjóðsins, en ekki þótti ástæða til þess að taka þá grein í heild sinni upp í frumvarp þetta þar sem sú eignayfirtaka, sem þar er gert ráð fyrir, hefur fyrir löngu átt sér stað. Ekki þykir neitt óeðlilegt við að vísa þannig í lög, sem síðan eru felld úr gildi í þessu sama frumvarpi, enda má segja að þetta sé í samræmi við það sem gert var þegar lög nr. 75/1966 tóku við af fyrri lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, Stofnlána-deild sjávarútvegsins og Skuldaskilasjóð útvegsmanna.

Þessi grein fjallar annars um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs og hafa á því orðið nokkrar breytingar frá því að lögin voru sett 1966. Eru þær breytingar nú felldar hér inn í, svo sem nú verður skýrt. Liðir a og b eru óbreyttir frá því, sem er í gildandi lögum. Um lið c er það að segja, að með lögum nr. 55/1973 og lögum nr. 99/1975 var sú breyting gerð á 4. gr. laga nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð, að bætt var við stafliðunum c og d og tekjur sjóðsins þar með auknar um 1% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða skv. c-lið og um jafnhátt framlag frá ríkissjóði árlega skv. d-lið. Með lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976 var c-liður greinarinnar felldur niður og 1% gjaldið þar með fellt inn í lög um útflutningsgjald. Eftir stendur d-liður, um framlag ríkissjóðs. Og þar sem ekki er ætlunin að fella hann niður, verður að breyta orðalagi hans, því að eins og áður segir, vísar hann til c-liðar um jafnhátt framlag. Skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar nemur framlag ríkissjóðs í þessu tilfalli $\frac{3}{4}$ hlutum tekna Fiskveiðasjóðs skv. lögum um útflutningsgjald og er því lagt til í frumvarpi þessu að þannig verði greinin orðuð. D- og e-liðir greinarinnar eru teknir óbreyttir úr gildandi lögum.

Um 4. og 5. gr.

Þessar greinar eru teknar óbreyttar úr gildandi lögum (5. og 6. gr. laga nr. 75/1966).

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um þær breytingar á skipan stjórnar sjóðsins sem getið var í almennum athugasemdum hér að framan. Auk þess sem tala stjórnarmanna er aukin um tvo frá því sem nú er, er gerð sú breyting, frá því sem verið hefur, að í stað þess að bankarnir þrír tilnefni alla stjórnarmennina, þá verða skv. grein þessari tilnefndir einn frá hverjum banka, einn frá hverjum eftirtalinna aðila sjávarútvegsins, sjómönnum, útvegsmönnum og fiskverkendum eða öllu heldur sölusamtökum fiskiðnaðarins, auk þess sem ráðherra skipar svo einn mann án tilnefningar. Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika, að þessir þrír aðilar verði ekki sammála um tilnefningu manna í stjórnina og skal þá ráðherra tilnefna þá, svo stjórnin sé fullskipuð. Vararmenn eru skipaðir á sama hátt. Hér er auk þess gerð sú breyting frá gildandi lögum, að ráðherra skipar formann og varaformann í stað þess að stjórnin kjósi þá.

Um 7. gr.

Þýðingarmestu ákvæði þessarar greinar eru í liðunum b og c, um áætlanagerð og útlánaákvæðanir. Reynslan hefur sýnt, að áriðandi er að gera sem fastmótaðastar áætlanir um útlán úr sjóðnum. Framkvæmd slíkra áætlana getur að visu verið ýmsum vandkvæðum háð á verðbólgu tímum en með áætlanagerðinni er ætlað að leggja þær megin línur, sem farið skuli eftir við lánveitingar svo sem hvaða verkefni skuli sitja fyrir um lánveitingar, þegar fjármagnsmöguleikar eru takmarkaðir. Verða slíkar áætlanir að miðast við breytilegar þarfir sjávarútvegsins.

Vegna þeirrar breytingar, sem gert er ráð fyrir á stöðu sjóðsins gagnvart Útvegsbankanum, eru í þessari grein ákvæði þess efnis, að í stað þess að nú er kveðið svo á, að um laun, kjör og réttarstöðu starfslíðs sjóðsins gildi sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans, þá verður það hlutverk sjóðsstjórnarinnar að taka ákvörðun um það, sbr. d-lið. Þá er heimilað að ráða aðstoðarforstjóra, sem eðlilegt er miðað við vaxandi starfsemi sjóðsins.

Um 8. gr.

Grein þessi er nýmæli. Hér er kveðið svo á, að forstjóri hafi á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirætlum í reglugerð og skv. ákvörðun sjóðsstjórnar. Enn fremur verður það hlutverk forstjóra að ráða starfsmenn sjóðsins. Þá þykir eðlilegt að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra tilteknar heimildir til þess að ákveða lánveitingar án þess að hver einstök lánveiting sé samþykkt af stjórninni, t. d. þar sem mjög fastmótaðar reglur gilda um lánveitingar. Ákvæði um slíkt yrðu sett í reglugerð.

Um 9. gr.

Grein þessi er tekin óbreytt úr gildandi lögum.

Um 10. gr.

Breyting á þessari grein leiðir einnig af breyttri stöðu sjóðsins gagnvart Útvegsbankanum. Þar sem nú er gert ráð fyrir að Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins gangi frá reikningum sjóðsins, þá verður það nú forstjórinn, er sér um að ganga frá reikningunum en þannig hefur þetta í raun verið í framkvæmd. Þá er skipun endurskoðenda miðuð við kjörtímabil stjórnar, tvö ár.

Um 11. gr.

Vegna þess, sem áður segir um lánveitingar út á eldri skip, er við 11. gr. núgildandi laga bætt ákvæði um nánari reglur um slíkt lán. Hér er kveðið svo á, að lán til eldri fiskiskipa megi ekki nema meiru en $\frac{1}{4}$ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, er fyrir kunna að vera. Er ákvæði þetta í samræmi við það, sem var í frumvarpi, er lá fyrir síðasta alþingi, er vísað var til ríkisstjórnarinnar með tilvísun til þess að lög sjóðsins væru í endurskoðun, og ákvæði um þetta efni yrði væntanlega í þeim breytingum, sem lagðar yrðu fyrir næsta, þ. e. a. s. þetta þing. Nánari ákvæði um lán þessi, svo sem lánstími og önnur kjör, verða ákveðin á sama hátt og önnur lánakjör sjóðsins, með ákvörðun sjóðsstjórnar að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans, shr. 13. og 15. gr. laga sjóðsins.

Um 12., 13. og 14. gr.

Þessar greinar eru teknar óbreyttar úr núgildandi lögum.

Um 15. gr.

Á þessari grein er gerð sú breyting, frá því sem er í 15. gr. núgildandi laga, að í stað þess að ákveða í lögnum hæð lántökugjalds $\frac{1}{4}$ % er það sett á vald sjóðsstjórnar að ákveða það eins og önnur lánakjör, með þeim takmörkunum, sem gilda um aðrar ákvarðanir um lánakjör. Lántökugjaldið er hluti af lánakjörum og því eðlilegt, að því sé hægt að breyta á sama hátt og öðrum lánakjörum eftir því, sem aðstæður krefjast. Eins og áður hefur verið bent á, þarf Fiskveiðasjóður á sífellt vaxandi lánsfé að halda til þess að fullnægja eftirspurn eftir lánum og verður þá að greiða lántökugjald af þeim lánum eins og almennt tíðkast. Eðlilegt er, að lántakendur Fiskveiðasjóðs greiði að sínum hluta þann kostnað, enda mun upphæð lántökugjaldsins upphaflega hafa verið við það miðuð. Er því nauðsynlegt að hafa möguleika til sveigjanleika í þessu eins og um önnur lánakjör.

Um 16.—24. gr.

Greinar þessar eru teknar óbreyttar úr gildandi lögum.

Um 25. og 26. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa við.